



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 2.fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 10. apríl 2007 kl. 17:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Jón Óskar Ferdinandsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Úttekt Fjarhitunar á aðveituæðum vatnsveitna, áfangaskýrsla 1.

Borist hefur fyrsta áfangaskýrsla Fjarhitunar er lítur að úttekt og endurbótum á hita- og vatnsveitu sveitarfélagsins. Í þessum fyrsta áfanga er fjallað um stofnæðar fyrir heitt og kalt vatn frá Bjarnarflagi að Reykjahlíð, einnig er gerð spá fyrir framtíðarálag á hitaveituæðina næstu árin sem byggð er á upplýsingum um líklega uppbyggingu á veitusvæðinu á komandi árum. Síðar er reiknað með að bilanasaga dreifikerfisins verði tekin saman og athugað með tengingu bæja og frístundahúsabyggða við hitaveituna.

Veitnanefnd leggur til að byrjað verði á öðrum áfanga þ.e. frá tengikassa við Kringluveg að Grunnskóla. Heildarlengd á þessum áfanga er 1190 m. Lagt er til að þessum áfanga verði skipt á tvö ár ca 600m. 2007 og 600m. 2008. Lögð verði 200 mm. (foreinangruð stálpípa) fyrir heitt vatn og 160 mm. fyrir kalt vatn. Árið 2009 verði lokið við áfanga 1 þ.e. frá Bjarnarflagi að brunni nr. 1 ca 540 m. og 2010 verði lokið við 3 áfanga, frá Múlavegi að brunni 2 ca. 800m. Áætlaður heildarkostnaður við endurnýjun veitnanna er 42. milljónir.

3. Önnur mál.

Veitnanefnd leggur til að settir verði hraðabreytar til magstýringar á dælum við Voga og Garð. Jafnframt leggur nefndi til að settir verði lásar á dæluskúra veitunnar.

Fleira ekki gert,
fundir slitið

Kristján Steingrímsson,
Lárus Björnsson,
Yngvi Ragnar Kristjánsson

